



ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI ODDA BS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Oddi bs (mun fá kennitölu við stofnun), í samningi þessum nefndur verkkaupi, og Rangárþing ytra kt. 520602-3050, í samningi þessum nefndur verksali, gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

Skilgreining verkefna

Verksali tekur að sér bókhald, launagreiðslur, áætlanagerð og aðra fjármálaumsýslu fyrir verkkaupa. Þá tekur verksali einnig að sér framkvæmdastjórn og umsjón með starfsmannamálum.

2. gr.

Umfang og greiðslur

Fyrir bókhald og aðra fjármálalega umsýslu, framkvæmdastjórn og starfsmannastjórnun er kostnaður verkkaupa föst upphæð kr. 984.750 á mánuði. Upphæðin er tengd vísitölu neysluverðs og miðast við grunnvísitölu í janúar 2016. Í þeim tilgangi að hægt sé að bera rekstrarkostnað skóla byggðasamlagsins saman við rekstrarkostnað skóla almennt þá fara eiginlegar greiðslur fyrir ofangreinda þjónustu ekki fram milli verksala og verkkaupa heldur greiðir sveitarfélagið Ásahreppur sinn kostnaðarhlut beint til sveitarfélagsins Rangárþings ytra. Kostnaðurinn bókast því ekki í bókhaldi Odda bs. heldur beint í bókhaldi samstarfssveitarfélaganna. Kostnaðarhlutur Ásahrepps er fundinn út með sama hætti og önnur framlög sveitarfélaganna sbr. 9. gr. samþykkt fyrir Odda bs. Þannig skiptist kostnaðurinn milli sveitarfélaganna í hlutfalli við nemendafjölda þann 1. október á reikningsárinu og miðast þar við heildarfjölda nemenda úr hvoru sveitarfélagi í báðum grunnskólunum og heildarfjölda barngilda úr hvoru sveitarfélagi í báðum leikskólunum.

3. gr.

Gildistími

Samningurinn gildir ótímabundið frá og með 1.1.2016 en er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samningurinn sé tekinn til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar sbr. rammasamkomulag Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Handwritten signatures and initials: *ES*, *K.O.*, *BJ.*, *MITT*, *AK*, *EG.*, *auk*, *þ.í.í.*, *4/14*, *50*, *1*



4. gr.

Önnur atriði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Menningarhúsinu Hellu 15. desember 2015

Sveitarstjórn Ásahrepps

[Handwritten signature]
Eginn Sigurður
Brynja J. Jónsdóttir
Karl Ólafsson
Elín Grétarsdóttir

Sveitarstjórn Rangárbings ytra

[Handwritten signature]
Þorgerður Þorfi Jónsdóttir
Yngvirkur Jónsson
Eiríkur Þorsteinsson
Anna María Kúfaust
Ágúst Þorsteinsson
Haraldur
Magnús Höp, bæddhóllur